



Skipulagsstofnun  
Laugarvegi 166  
150 Reykjavík

Reykjanesbæ 20. nóvember 2014  
2014-558/10.4

**Umsögn um frummatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar framleiðslu á 110.000 tonnum af kísilmálmi á vegum Thorsil í Helguvík.**

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur farið yfir þá þætti er heyra undir starfsvið embættisins í frummatsskýrslunni og gerir eftirfarandi athugasemdir.

1. Lega færibands úr Helguvíkurhöfn og í hráefnisgeymslur á lóð Thorsil, sjá lið 3.1.3, lið 3.6.2, 6.2.1 og mynd 3.3, er ofan á og við hlið neðanjarðarolíuþrýstilagnar Olíudreifingar ehf. úr Helguvíkurhöfn og í Olíubirgðarstöð Olíudreifingar í Helguvík. Olíulögnin er ekki tilgreind í frummatsskýrslunni. Gera skal frekari grein fyrir því hvort færibaldið geti haft neikvæð áhrif á olíulögnina.
2. Olíuflutningaskip og olíudælubúnaður í höfn þurfa ákv. athafnarsvæði m.t.t. mengunarvarna. Gera þarf frekari grein fyrir hvort athafnarsvæði Thorsil geti hamlað notkun mengunarvarnarbúnaðar ef olíuleki verður við dælingu úr skipi.
3. Í frummatsskýrsluna skortir ítarlegri greinagerð um fráveitu verksmiðjunar þar sem t.d. lagnaleiðir fráveitu til sjávar eru sýndar.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja,

  
Ríkhartur Fr. Friðriksson.